

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 81 18. febrúar 1991, um innskatt.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða leigu eftirtalinna ökutækja nema þau séu eingöngu notuð vegna sölu skattaðila á vörum eða skattskyldri þjónustu:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfðri heildarþyngd 5 000 kg eða minna sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:
 - a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
 - b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludyrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu.
 - c. Í farmrými mega hvorki vera sæti, sætisfestingar né annar búnaður til farþegaflutninga. Sé bifreið breytt úr fólksbifreið í sendi- eða vörubifreið skulu sæti í farmrými fjarlægð með varanlegum hætti, t.d. þannig að sætisfestingar séu einnig fjarlægðar.
2. Hópbifreiða, þ.e. bifreiða sem ætlaðar eru til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt þær séu jafnframt ætlaðar til annarra nota.
3. Bifhjóla.
4. Torfærutækja, þ.e. vélsleða, tví-, þrí- og fjórhjóla.
5. Loftpúðatækja.

Skilyrði þess að telja megi til innskatts virðisaukaskatt af öflun bifreiðar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. er að hún sé auðkennd skráningarmerkjum af því tagi sem greinir í reglugerð nr. 523/1988, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum. Þessi regla gildir þó ekki um bifreiðar eignaleigufyrirtækja þegar leigutaki hefur ekki rétt til innskatts af leigugjaldi svo og bifreiðar bílaleigufyrirtækja.

Ökutæki skal ekki talið notað eingöngu vegna sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu ef það er notað af eiganda þess eða starfsmanni hans til einkanota, þ.m.t. til aksturs milli heimilis og vinnustaðar.

Ákvæði 2.-6. gr. gilda um útreikning innskatts vegna reksturs þeirra ökutækja sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreiðar sem skulu auðkenndar skráningarmerkjum skv. 2. mgr. 1. gr. og skráðar hafa verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa frest til að skipta um skráningarmerki til 30. júní 1993, sbr. 63. gr., ákvæði til bráðabirgða III, laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.